

KLARA SÍMONARDÓTTIR

KYNNINGARBRÉF



TIL FÉLAGSMANNA HRFÍ

Ég heiti Klara Símonardóttir og gef kost á mér sem varamaður í stjórn Hundaræktarfélagins. Ég hef lokið námi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst og stunda MBA nám (Masters in Business Administration) við Háskólann í Reykjavík.

Einnig hef ég lokið námskeiði fyrir viðurkennda stjórnarmenn frá Akademias (Corporate Governance) og úrvali stjórnunarnámskeiða hjá Harvard Business Review og Stanford Online.

Síðustu ár starfaði ég sem framkvæmdastjóri Petmark ehf þar sem ég gengdi áður stöðu markaðsstjóra og þar áður vörumerkjastjóra. Áður en ég hóf störf hjá Petmark var ég í 7 ár starfsmaður á skrifstofu Hundaræktarfélag Íslands þar sem ég öðlaðist mikla þekkingu á starfsemi félagsins. Ég hef einnig gegnt ýmsum sjálfboðastörfum í deildum og nefndum félagsins svo sem í stjórn Chihuahua-deilar og í vísindanefnd. Einnig hef ég ritstýrt tímariti félagsins Sámi sem og tímaritinu Dýrin mín. Fyrsta hundinn minn eignaðist ég árið 2001, Chihuahua hundinn Spotta en fyrsta gotið mitt fæddist árið 2006 undir ræktunarnafninu Hrímnis. Ég hef verið virkur ræktandi síðan þá en þó með fá got á ári en ég hef gríðarlegan áhuga á ræktun og heilsufari hunda. Chihuahua hefur alltaf verið mín tegund en hef ég þó átt dvergschnauzerhunda, pomeranian og papillon en stefnan er að eignast stærri hund í náinni framtíð.

Hundaræktarfélagið á sér langa og merka sögu og hefur gríðarlegur árangur náðst í bættri hundamenningu á Íslandi og aðstöðu fyrir okkur hundaeigendur en enn eigum við nokkuð í land. Fræðsla til nýrra hundaeigenda er mér mjög hjartfólgin og tel ég félagið eiga nokkuð inni þar til að stuðla að auknum félagafjölda. Ég tel HRFÍ geta orðið enn öflugri talsmann hundaeigenda og hundaræktenda á Íslandi og vil leggja mitt af mörkum til þess.

MEÐ KVEÐJU,

Klára Símonardóttir

KLARA SÍMONARDÓTTIR